



Foreldradagur 1. febrúar 2018

Ágætu foreldrar

Fimmtudaginn 1. febrúar n.k. verður foreldradagur í Rimaskóla. Foreldrar bóka viðtalstíma í gegnum Mentor. Umsjónarkennarar opna fyrir skráningu í dag 25. janúar, eftir hádegi. Getið þið ekki mætt, af einhverjum ástæðum, þá vinsamlegast hafið samband við umsjónarkennara eða ritara.

Athugið að nemendur eiga að mæta með foreldrum sínum í viðtal á foreldradegi.

Aðrir kennarar en umsjónarkennarar eru til viðtals í stofum sínum á foreldradegi og er ykkur velkomið að líta við hjá þeim. Það sama gildir um námsráðgjafa.

Á foreldradegi munu skólaliðar setja fram á borð, við aðalanddyri skólans við neðri hæð bláu byggingar, óskilamuni og fatnað.

Með bestu kveðju

Helgi Árnason skólastjóri

p.s. Í einhverjum árgöngum (3. bekk) verða foreldraviðtöl með öðru sniði en í formi viðtala. Viðkomandi umsjónarkennarar munu senda nánari upplýsingar.